

Stefndi, Eggert Teitsson bóndi, Þorkelshóli, greiði stefnandanum, Guðmundi Jósefssyni bónda, Nýpukoti, kr. 3.000.00 — þrjú þúsund krónur — í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 2ja vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. maí 1962.

Nr. 28/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson, saksóknari ríkisins)
gegn

Sigtryggi Kjartanssyni

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu er áfrýjað, einungis að því er varðar ákærða Sigtrygg Kjartansson.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð eftir uppsögu héraðsdóms. Kom þá m. a. fyrir dóm eiginkona Karls Vilhjálms Kjartanssonar og skýrði svo frá, að þau hjónin hefðu „umrætt sinn ákveðið að láta kaupa fyrir sig eina flösku af áfengi í Reykjavík, þar sem þau áttu von á gestum“. Ákærði hefði tekið að sér að annast vínkaupin og hún fengið honum til þeirra kr. 200.00. Þá kom Karl Vilhjálmur einnig fyrir dóm af nýju. Eigi reyndist fullt samræmi milli skýrslna þeirra hjóna um aðdraganda að áfengiskaupum þeim, sem þau telja sig hafa áformað.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og að öðru leyti með skirskotun til forsendna héraðsdóms eru eigi eftir sönnunarreglum 19. gr. laga nr. 58/1954 skilyrði til að sýkna ákærða. Ber því að staðfesta héraðsdóminn, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákærða verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til rikissjóðs, kr. 4000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 4000.00.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á, að því leyti sem honum er áfrýjað, að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákærða, Sigtryggs Kjartanssonar, verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 4000.00, og laun verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Lárusar Jóhannessonar hæstaréttardómara.

Máli þessu hefur aðeins verið áfrýjað, að því er tekur til ákærða, Sigtryggs Kjartanssonar leigubifreiðarstjóra.

Eftir uppsögu dómsins hefur framhaldsrannsókn farið fram í sakadómi Keflavíkur.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða dómi, keypti ákærði eina flösku af gini í áfengisútsölu rikisins við Snorrabraut í Reykjavík. Var þetta milli kl. 14.00 og 14.30 miðvikudaginn 25. maí 1959.

Flöskuna kveðst ákærði hafa keypt fyrir bróður sinn, og hefur kona bróður hans staðfest fyrir rétti að hafa látið hann fá fé til kaupanna.

Ákærði er búsettur í Keflavík. Hann var á ferð hér í Reykjavík, er kaupin fóru fram, og fór hann á engan hátt dult með þau. Hélt hann t. d. á flöskunni í hendinni frá verzluninni út í bifreiðina og lagði hana þar í framsætið, þar sem hún var auðsjáanleg þeim, sem litu inn í bifreiðina. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir flutning eða sölu áfengis.

Eru því komnar í málinu sterkar líkur fyrir því, að þessi

eina áfengisflaska hafi ekki verið keypt í því skyni að selja hana.

Ber því að sýkna ákærða.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að ríkissjóður greiði $\frac{1}{3}$ hluta málskostnaðar fyrir héraðsdómi, þar með talinn $\frac{1}{3}$ hluta af málsvarnarlaunum Eyjólfss K. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, eins og þau eru ákveðin í héraðsdómi.

Þá greiði og ríkissjóður allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 4000.00.

Dómsorð mitt er því:

Ákærði, Sigtryggur Kjartansson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Af málskostnaði fyrir héraðsdómi greiðist $\frac{1}{3}$ hluti úr ríkissjóði, þar með talinn $\frac{1}{3}$ hluti af málsvarnarlaunum Eyjólfss K. Jónssonar hæstaréttarlögmanns.

Ríkissjóður greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00.

Dómur sakadóms Keflavíkur 14. marz 1961.

Ár 1961, þriðjudaginn 14. marz, var í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn var af Tómasi Tómassyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu: Ákæruvaldið gegn Þórði Björnssyni og Sigtryggi Kjartanssyni, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er höfðað af hálfu ákæruvaldsins með ákæruskjali, útgefnu af dómsmálaráðherra hinn 18. apríl 1959, gegn þeim Þórði Björnssyni leigubifreiðarstjóra, Sunnubraut 11, Keflavík, og Sigtryggi Kjartanssyni leigubifreiðarstjóra, Klapparstíg 16, Keflavík, fyrir áfengislagabrot samkvæmt 4. sbr. 3. mgr. 19. gr. sbr. 2. mgr. 42. gr. áfengisлага nr. 58/1954.

Þykja ákærðu hafa gerzt brotlegir við téð lagaákvæði síðdegis miðvikudaginn 25. marz s.l. með því að hafa flutt áfengi í bifreiðinni Ö 321 frá Áfengisverzlun ríkisins við Snorrabraut að Hólmgarði 29 í Reykjavík, þar sem þeir voru handteknir af lögreglunni, er fann alls 25 áfengisflöskur í bifreiðinni umrætt sinn, en þar af átti ákærði Þórður 24 flöskur og ákærði Sigtryggur 1 flösku. Áfengið þykja ákærðu hafa ætlað til sölu.

Þess er krafizt, að báðir ákærðu verði dæmdir til refsingar, að framangreindar áfengisflöskur verði gerðar upptækar samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga svo og verði báðir ákærðu dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna; ákærði Þórður Björnsson er fæddur 8. nóvember 1922 á Hól mavík, og hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt kæru eða refsingu áður. Ákærði Sigtryggur Kjartansson, er fæddur 8. maí 1916 í Stykkis-hólmi, og hefur hann sætt þessum kærum og refsingum:

1941 2/7 Reykjavík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun.

1938 7/8 Siglufirði: Sátt, 25 kr. sekt fyrir óspektir.

1938 20/9 Keflavík: Dómur, 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1940 26/4 Keflavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun.

1949 29/4 Keflavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á reglugerð nr. 4/1946 um róðrartíma.

1958 3/2 Keflavíkurlflugv.: Áminning fyrir tolllagabrot.

Málavextir eru þessir:

Klukkan 16.45 miðvikudaginn 25. marz 1959 voru tveir lög-reglumenn af Keflavíkurlflugvelli og einn lögreglumaður úr Keflavík staddir við Áfengisverzlun ríkisins við Snorrabraut í Reykjavík. Þar veittu þeir bifreiðinni Ö 321 athygli. Sáú þeir, að bifreiðarstjórinn, ákærði Sigtryggur Kjartansson, leigubifreiðarstjóri í Keflavík, og ákærði Þórður Björnsson, sem einnig var leigubifreiðarstjóri í Keflavík, fóru úr bifreiðinni og inn í áfengis-verzlunina. Þar dvöldust þeir skamma hríð, en svo kom ákærði Sigtryggur út, fór inn í bifreiðina og ók henni á bak við hús verzlunarinnar. Þar dvöldu þeir skamma stund, en óku síðan af stað. Þar eð lögreglumennina grunaði, að þeir myndu vera í áfengiskaupum, þá eltu þeir bifreiðina og náðu henni við húsið Hólmgarð 29 í Reykjavík, þar sem hún var stöðvuð. Lögreglu-mennirnir höfðu tal af þeim ákærðu og sáu þá strax tvo kassa af áfengi í aftursæti og á gólfi bifreiðarinnar. Kvaðst ákærði Þórður eiga áfengið, en eina flösku, sem var í framsæti bifreiðarinnar, kvaðst Sigtryggur hafa keypt fyrir bróður sinn Karl.

Lögreglumennirnir fóru svo með þá ákærðu á lögreglustöðina í Keflavík. Húsleit var strax gerð á heimilum þeirra ákærðu, en ekkert áfengi fannst við þá leit.

Ákærði Þórður Björnsson játaði það fyrir réttinum að vera eigandi að umræddum tveim kössum af áfengi, 12 flöskum af brennivíni og 12 flöskum af gini, en neitaði því hins vegar ein-dregið að hafa ætlað áfengi þetta til sölu. Hann kvaðst ekki

hafa ætlað með áfengið til Keflavíkur, heldur ætlað að geyma það í Reykjavík og eiga það þar fyrir sjálfan sig, án þess að sérstakt tilefni væri til áfengiskaupanna. Hafi hann ætlað að geyma áfengið að Hólmgarði 29 í Reykjavík, en þar búi mágkona sín og tengdamóðir. Ákærði kveður óhætt að segja, að hann drekki mikið, heldur en lítið.

Ákærði Þórður segir, að ákærði Sigtryggur hafi keypt eina flösku, sennilega gin, og hafi hann gert það fyrir bróður sinn Karl.

Ákærði Sigtryggur Kjartansson kveður ákærða Þórð hafa keypt tvo kassa af áfengi, en sjálfur segist hann hafa keypt eina flösku af gini fyrir bróður sinn Karl.

Hafi Karl beðið hann að kaupa fyrir sig áfengið í hádeginu þenna sama dag, og lét kona Karls hann fá peningana til þeirra kaupa, kr. 200.00.

Er Karl Kjartansson kom fyrir dóm sem vitni, kvaðst hann hafa beðið ákærða Sigtrygg að kaupa fyrir sig 5 flöskur af gini, og kvaðst vitnið hafa fengið honum 1000.00 kr. í peningum til áfengiskaupanna. Þennan framburð sinn ítrekaði vitnið í upphafi við sampröfun vitnisins og ákærða, en er vitninu var bent á misræmið í framburði þeirra, þá dró vitnið framburð sinn til baka og kvaðst hafa beðið ákærða Sigtrygg að kaupa eina flösku af gini og kona sín hafi látið ákærða Sigtrygg fá peninga til áfengiskaupanna. Ekki gat vitnið sagt um það, hvers vegna slíkt misræmi væri í framburði þess.

Ákærði Sigtryggur, sem búinn er að vinna allengi með ákærða Þórði, sagði, að ákærði Þórður smakkaði vín, en vildi eigi gefa nánar út á það, hvort hann drykki mikið eða lítið.

Lögreglumenn þeir, sem að handtöku þeirra ákærðu stóðu, hafa komið fyrir dóm, og er málavaxtalýsing einkum byggð á framburði þeirra, sem er að öllu leyti samhljóða. Vitnið Einar Ingimundarson lögreglumaður segir þó, að ákærði Þórður hafi í fyrstu farið undan í flæmingi, er hann var að því spurður, hver ætti vínið. Hafi hann í fyrstu sagt, að kunningi sinn ætti vínið, en hann vildi þó eigi nafngreina hann. En er honum var bent á, að varhugavert væri, ef ósatt væri, að blanda óviðkomandi manni í þetta, þá hafi hann játað að eiga hina umræddu tvo áfengiskassa.

Ákærði Þórður hefur neitað að hafa ætlað áfengi þetta til sölu, heldur hafi hann ætlað það til eigin neyzlu.

Það er alkunna, að sterkur grunur hefur lengi leikið á því, að ýmsir leigubifreiðarstjórar stundi áfengissölu, enda hefur og ýmsum úr þeirri stétt á undanförunum árum verið refsað fyrir áfengissölu. Það verður að telja það ólíklegt, að ákærði Þórður hafi ætlað að nota sjálfur framangreint áfengismagn, 24 flöskur, enda hefur hann ekki nefnt neitt sérstakt tilefni til eigin notkunar á svo miklu áfengismagni, og verður því að telja, að ákærði Þórður hafi eigi réttlætt það, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Hefur hann því gerzt brotlegur við 4. mgr. sbr. 3. mgr. 19. gr. áfengislaganna.

Ákærði Sigtryggur kvaðst hafa keypt áfengi það, 1 flösku, sem hann var með fyrir bróður sinn. Mikils ósamræmis gætti í framburði ákærða Sigtryggs og bróður hans, og getur dómarrinn af þeim sökum eigi byggt á staðhæfingu ákærða Sigtryggs um þetta atriði og telur með hliðsjón af því, sem að framan segir, að ákærði Sigtryggur hafi eigi réttlætt það, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Hefur hann því gerzt brotlegur við 4. sbr. 3. mgr. 19. gr. áfengislaganna.

Refsing hinna ákærðu ber að ákveða samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengisлага.

Verð á áfengi því, sem ákærðu voru með og tekið var í vörzlu lögreglunnar hinn 25. marz 1959, var sem hér segir samkvæmt upplýsingum frá Áfengisverzlun ríkisins: Ginflaskan kostaði kr. 170.00 og brennivínsflaskan kr. 125.00.

Þykja refsingar hinna ákærðu hæfilega ákveðnar þannig, að ákærði Þórður Björnsson sæti 17.700.00 króna sekt og ákærði Sigtryggur Kjartansson 850.00 króna sekt og í báðum tilfellum renni sektirnar í Menningarsjóð Verði sektirnar eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, skal í stað sektar ákærða Þórðar koma 75 daga varðhald og í stað sektar ákærða Sigtryggs varðhald í 4 daga.

Samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaganna ber að gera framan­greint áfengi, 12 flöskur af brennivíni og 13 flöskur af gini, upptækar til ríkissjóðs.

Þá ber og að dæma ákærðu til þess að greiða in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Eyjólf K. Jónssonar hdl., kr. 2.200.00.

Að ósk ákærðu var Geir Hallgrímsson hrl. í fyrstu skipaður verjandi þeirra, en er hann hafði látið af lögfræðistörfum, þá var Eyjólfur K. Jónsson hdl. skipaður verjandi þeirra.

Dómsorð:

Ákærði Þórður Björnsson greiði 17.700.00 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 75 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Sigtryggur Kjartansson greiði kr. 850.00 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi, 12 flöskur af brennivíni og 13 flöskur af gini, samtals 25 flöskur, eru upptækar til handa ríkissjóði.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Eyjólfis K. Jónssonar hdl., kr. 2.200.00.

Dómi þessum skal fullnægt með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. maí 1962.

Nr. 184/1961. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
 gegn

Gunnari A. Pálssyni f. h. Steins Jónssonar.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
